

Skýrsla Uppstillinganefndar 2012



Uppstillinganefnd er skipuð fimm félagsmönnum og tveimur til vara.

Nefndina skipa:

Guðrún Helga Marteinsdóttir

Ólöf Jóna Friðriksdóttir,

Lilja Björnsdóttir

Erna Asperlund

Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir

Varamenn eru:

Helga Björk Harðardóttir

Birgitta Ýr Guðmundsdóttir

Netfang Uppstillinganefndar er: Uppstillinganefnd@gmail.com

Uppstillinganefnd kom fyrst saman í mars síðastliðnum. Fundir nefndarinnar voru 2 samtals á þessu starfsári en mikill undirbúningur fór fram með tölvupóstsamskiptum og gekk vel.

Farið var yfir lista hvernar nefndar og kannað hversu margir ljúka nefndarsetu í ár og hverjir hefðu áhuga á að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa. Birt var tilkynning á heimasíðu félagsins þar sem áhugasamir félagsmenn voru hvattir til þess að gefa kost á sér til starfa, annaðhvort símleiðis eða með netfangi. Einn félagsmaður gaf kost á sér þannig og er með í tillögum nefndarinnar fyrir næsta starfsár. Ábendingar frá nefndarmönnum og öðrum sjúkraliðum voru þær leiðir sem skiluðu þó mestum árangri við tillagnagerð í nefndir. Einnig var ánægjulegt að sjá hversu margir gáfu kost á sér aftur til nefndarstarfa.

Nefndin telur mikilvægt að fá ábendingar frá formönnum nefnda, ef eitthvað má betur fara í uppstillingu nefnda. Mikilvægt er að þessar ábendingar komi fram í síðasta lagi í janúar, áður en uppstillinganefnd fer í þá vinnu að manna nefndir.

Tillaga Uppstillinganefndar í fastanefndir Sjúkraliðafélagsins Íslands liggur fyrir og verður borin upp á þingi SLFÍ.

Fyrir hönd uppstillinganefndar SLFÍ, Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir